

## Rekstarkostnaður og Rekstartekjur Veiðihúss Grímsár Tunguár

Tölur eru fengnar úr ársreikningum Veiðifélagss Grímsár og Tunguár fyrir árin 2000 - 2009

### Árin 2000 - 2003.

Á árunum 2000-2002 sá veiðifélagið sjálft um sölu veiðileyfa svo og um rekstur veiðihússins. Við lok laxveiðitímans árið 2002 var gerður samningur við Stórlax ehf. um leigu á veiðihúsinu og skyldi Stórlax ehf. selja veiðimönnum fæði og gistingu á laxveiðitímanum auk þess að reka almenna gisti og veitingarekstur utan laxveiðitímans. Leiguverð skv. samningnum var: 3 x 300 þús. kr. fyrir 3 mánuði laxveiðitímans og 30 þús. kr. fyrir hvern hinna 9 mánaða sem eru utan laxveiðitímans. Samtals 1,170.000 kr. eins og sjá má í tölum um tekjur af veiðihúsinu í ársreikningi 2003. Veiðihúsið: 782 m<sup>2</sup> húsnæði, fullbúið til gisti og veitingareksturs með 18 herbergjum, salarkynnum og eldhúsi.

	2000	2001	2002	Samtals
Tekjur vegna reksturs veiðihússins	6.417.112	6.407.355	4.303.850	17.128.317
Gjöld vegna reksturs veiðihússins	10.444.100	7.763.252	12.794.587	31.001.939
Samtals hagnaður/-tap	-4.026.988	-1.355.897	-8.490.737	-13.873.622

### Árin 2004 - 2009

Veiðifélagið sá sjálft um sölu veiðileyfa árin 2003 og 2004, en Stórlax ehf. um sölu gistingar og veitinga. Árið 2005 varð Hreggnasi leigutaki árinna þannig að sala veiðileyfa og sala veitinga og gistingar til veiðimanna var því á höndum tveggja óskyldra leigutaka og hagsmunaaðila. Samstarf þeirra á milli þróaðist ekki vel og þótti leigutaka árinna að leigutaki veiðihússins verðlegði gisti- og veitingabáttinn of hátt: Að þetta fyrirkomulag gerði veiðileyfi of dýr, þar sem skyldukaup á veitingum og gistingu fylgdi veiðileyfum. Stórlax ehf. baðst undan leigusamningi sínum í byrjun árs 2009 og þá tók Hreggnasi ehf. yfir gisti- og veitingabáttinn út árið. Í lok árs 2009 var síðan gerður leigusamningur við Hreggnasa ehf. bæði fyrir fiskisvæðið og veiðihúsið frá og með árinu 2010. Jafnframt var ákveðið að blása til sóknar með útleigu veiðihússins utan laxveiðitímans og veiðihúsið markaðssett kröftuglega með augýsingum sem Sveitahótelíð Grímsá. Á þeim tímamarki komust ábúendur í Fossatúni að niðurstöðu um að láta reyna á hvort þessi ráðstöðfun stæðist lög, efir árangurslaus samskipti við veiðifélagið þar sem sjónarmiðum ábúenda var komið á framfæri.

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Samtals
Tekjur vegna reksturs veiðihússins	1.170.000	1.194.000	1.220.389	1.276.544	1.725.256	2.528.278	2.882.241	11.996.708
Gjöld vegna reksturs veiðihússins	2.343.696	3.168.251	4.876.013	3.702.806	1.922.925	3.106.344	10.120.677	29.240.712
Samtals hagnaður/-tap	-1.173.696	-1.974.251	-3.655.624	-2.426.262	-197.669	-578.066	-7.238.436	-17.244.004

